

Fundur í fagráði nautgriparæktar 14. júní 2021

Fundargerð

Fundurinn var fjarfundur í Microsoft Teams, haldinn 14. júní 2021 og hófst kl. 10.30.

Mættir: Þórarinn Leifsson, Hermann Ingi Gunnarsson, Elín Heiða Valsdóttir, Sigurbjörg Ottesen, Björn S. Gunnarsson, Egill Gunnarsson, Sigtryggur Veigar Herbertsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Margrét Gísladóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Erindi varðandi örmerkingar nautgripa og rafrænar skráningar sæðinga
3. Kyngreint sæði – upplýsingar frá Sveinbirni Eyjólfssyni
4. Verklagsreglur fagráðs
5. Umsóknir í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar
6. Lokaskýrslur verkefna
7. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Þórarinn Leifsson, formaður fagráðs, setti fund og stýrði honum. Fundargerð síðasta fundar, dags. 11. febrúar 2021, samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Erindi varðandi örmerkingar nautgripa og rafrænar skráningar sæðinga

Fagráði hefur borist erindi frá Hofstaðaseli þess efnis að hægt verði að tengja örmerki við skýrsluhaldskerfið Huppu, það er bæði skrá örmerki í kerfið sem og upplýsingar um gripi með tengingu við örmerki.

Í 6. grein reglugerðar nr. 916/2012 um merkingar búfjár með síðari breytingum segir: „*Nautgripir skulu merktir með forprentuðu plötumerki í bæði eyru innan 20 daga frá fæðingu. Á merkjunum skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:*

- a. YD-einkennisstafi Matvælastofnunar.
- b. IS-einkennisstafi Íslands.
- c. Búsnúmer.
- d. Gripanúmer.

Heimilt er að nota eigin valnúmerakerfi fyrir nautgripi til viðbótar forprentuðum upplýsingum.“

Það er því í reynd ekkert sem bannar notkun örmerkja til viðbótar við plötumerki. Fagráð beinir því þeim tilmælum til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins að gera skráningu örmerkja mögulega í Huppu samhliða því sem að gert verði kleift að skrá upplýsingar með tengingu við örmerki.

Ályktun frá aðalfundi LK þar sem lagt er til að rafrænni skráningu og strikamerktum sæðisstráum verði komið á hið fyrsta. Guðmundur sagði þetta allt vera í vinnslu en fram undan væri heilmikil þróun á Huppu þar sem meðal annars þetta yrði til skoðunar og breytinga. Hann sagðist efins um að

strikamerkingar á sæðisstráum hentuðu en það yrði eitt af því sem yrði skoðað. Málinu vísað áfram til RML og Nautastöðvarinnar til áframhaldandi vinnslu.

3. Kyngreint sæði – upplýsingar frá Sveinbirni Eyjólfssyni

Sveinbjörn Eyjólfsson, forstöðumaður NBÍ á Hesti, sendi fagráði upplýsingar frá Geno í Noregi og Viking Genetics í Danmörku varðandi kyngreiningu á sæði. Ákveðið að taka umræðu um málið undir lið 5.j.

4. Verklagsreglur fagráðs

Farið yfir verklagsreglur fagráðs en með flutningi umsýslu þróunarfjármuna frá Framleiðnisjóði til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins þarf að uppfæra þær til samræmis við það.

Formaður lagði til að fresta uppfærslu verklagsreglna þar til endurskipulagningu félagskerfis bænda er lokið. Engar athugasemdir gerðar við það.

5. Umsóknir í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar

Alls bárust 11 umsóknir upp á samtals 34.327.803 kr. n til úthlutunar að þessu sinni eru 21.929.506 kr.

a. Áhrif sláttutíma á uppskeru og endingu eftirsóttra túngrasa á kúabúum

Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Verkefnisstjóri er Þóroddur Sveinsson. Markmið verkefnisins er að bera saman áhrif mismunandi sláttutímameðferða á endingu, uppskeru og fódurgildi vallarfoxgrass, hávinguls, axhnoðapunts og rauðsmára í blöndu með vallarfoxgrasi eða vallarrýgresi.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið áhugavert og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 2.500.000.

b. Snittaður hálmur og hey sem undirburður í legubása

Umsókn frá Hvanneyrarbúinu ehf. Verkefnisstjóri er Egill Gunnarsson. Markmið verkefnisins er að þróa og prófa snittaðan hálm og hey af eldri túnnum sem undirburð í fjósum.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið áhugavert en það falli ekki nægjanlega vel að markmiðum sjóðsins og leggur því til að umsókn um styrk verði hafnað. Því er beint til umsækjanda að fróðlegt gæti verið að gera samanburð á snittuðum hálmi og sagi sem undirburði í legubása.

c. Dauðfæddir kálfar hjá fyrsta kálfs kvígum

Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Verkefnisstjóri er Harpa Ósk Jóhannesdóttir. Markmið verkefnisins er að kanna áhrifaþætti kálfadauða hjá 1. kálfs kvígum í vandamálajörð. Rannsóknin er fyrsti hluti fyrirhugaðs doktorsverkefnis verkefnisstjóra og mun afla upplýsinga eins og hvenær á meðgöngunni kálfar/fóstur deyja.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið bæði þarft og áhugavert en gerir athugasemdir við hátt hlutfall styrks samkvæmt umsókn sem og að sótt sé um til kaupa á tækjabúnaði sem alla jafnan er ekki styrktur. Fagráð leggur því til að verkefnið verði styrkt vegna hluta launa og útlagðs kostnaðar eða um allt að kr. 8.000.000.

d. Greining fódurkostnaðar kúabúa

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Kristján Óttar Eymundsson. Markmið verkefnisins er að greina orsakir á þeim mikla breytileika sem er á fódurkostnaði íslenskra kúabúa og útbúa almennar leiðbeiningar til bænda um þá bústjórnarþætti sem hafa áhrif til lækkunar á fódurkostnaði á hverja framleiðslueiningu.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið bæði áhugavert og þarft en bendir á að hátt hlutfall kostnaðar samkvæmt umsókn liggur í skýrslugerð og kynningu auk þess sem skörun er í þessu verkefni með öðrum verkefnum sem sótt er um styrk til. Fagráð leggur til að verkefnið verði styrkt um allt að kr. 1.840.000.

Hermann Ingi Gunnarsson og Guðmundur Jóhannesson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

e. Fagefni í jarðrækt - stutt Youtube myndbönd

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Þórey Gylfadóttir. Markmið verkefnisins er að afla gagna/mynda/myndskeiða og búa til fræðsluefni fyrir bændur um mikilvæga þætti er snúa að góðum árangri í jarðrækt, og þar með losun gróðurhúsalofttegunda, og miðla með myndböndum á Youtube.

Afgreiðsla: Fagráð telur um áhugavert og þarft verkefni að ræða. Fagráð leggur til að verkefnið verði styrkt um allt að kr. 1.585.000.

Hermann Ingi Gunnarsson og Guðmundur Jóhannesson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

f. Rekstur kúabúa - greining rekstrargagna og eftirfylgni til bænda

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Kristján Óttar Eymundsson. Markmið verkefnisins er að gera heildstæða greiningu á rekstri kúabúa og auka rekstrarvitund bænda með eftirfylgni sem og að byggja upp rekstrargrunn sem nýtist til afkomuvöktunar og hagsmunagæslu í greininni.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið áhugavert og þarft en bendir á að skörun er í gagnasöfnun með öðru verkefni sem sótt er um styrk til. Fagráð leggur til að verkefnið verði styrkt um allt að kr. 2.340.000.

Hermann Ingi Gunnarsson og Guðmundur Jóhannesson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

g. Bætt uppskeruskráning

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Eiríkur Loftsson. Markmið verkefnisins er að bæta skráningu á uppskeru svo meta megi kostnað við öflun á heimafengnu fóðri á magneiningu og að bændur hafi betri yfirsýn um uppskeru á einstökum spildum.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið áhugavert og þarft en bendir á að umtalsverð skörun er með þessu verkefni og verkefni um greiningu fóðurkostnaðar kúabúa. Fagráð leggur til að verkefnið verði styrkt um allt að kr. 950.000 að því gefnu að sama upphæð fái úr þróunarfjármunum sauðfjárræktar.

Hermann Ingi Gunnarsson og Guðmundur Jóhannesson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

h. Sæðingar holdakúa – samstilling og beiðslisgreining með og án hjálparkæjja

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Ditte Clausen. Markmið verkefnisins er að leita leiða til að gera sæðingar holdakúa að raunhæfum möguleika fyrir nautakjötsframleiðendur. Athuga á árangur sæðinga með einni samstillingarsprautu og

sæðingu eftir beiðslisgreiningu með og án hjálpartækja.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið áhugavert og leggur til að það verði styrkt um allt að 2.500.000 kr.

Hermann Ingi Gunnarsson og Guðmundur Jóhannesson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

i. Norrænt fóðurmatskerfi – NorFor

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Karvel L. Karvelsson. Markmið verkefnisins er að tryggja fjárhagslegan grundvöll fyrir áframhaldandi þátttöku í NorFor-samstarfi.

Afgreiðsla: Fagráð telur þann hluta umsóknarinnar sem lýtur endurmenntun og þróun falla að markmiðum sjóðsins og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 2.000.000.

Hermann Ingi Gunnarsson og Guðmundur Jóhannesson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

j. Kyngreint sæði í íslenskri nautgriparækt

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Guðmundur Jóhannesson. Markmið verkefnisins er að leggja mat á það hvort kyngreining á sæði úr íslenskum nautum sé raunhæfur möguleiki í framkvæmd ræktunarstarfs hér á landi.

Rætt hvort tímabært væri að skoða þetta þar sem fyrir lægi að kyngreining á sæði væri ekki raunhæfur kostur við núverandi kynbótaskipulag sem byggist á afkvæmaprófunum. Ljóst er af upplýsingum frá Noregi og Danmörku að í þessu liggur veruleg fjárfesting og því mikilvægt að skoða málið vel áður en ákvarðanir verða teknar.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið ekki tímabært fyrr en ljóst verður hvenær kyngreining á sæði verður raunhæfur möguleiki hérlendis, það er komið verður nýtt kynbótaskipulag, og leggur því til að umsókn verði hafnað að svo stöddu.

Hermann Ingi Gunnarsson og Guðmundur Jóhannesson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

k. Kostnaðargreining kúasæðinga

Umsókn frá Landssambandi kúabænda. Verkefnisstjóri er Guðbjörg Jónsdóttir.

Markmið verkefnisins er að fá frekari yfirsýn á kostnaðarmyndum sæðingastarfsemi á ólíkum svæðum til greiningar og tillögugerðar um hagræðingu og lækkun á gjaldskrá.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið áhugavert og leggur áherslu á aukna samvinnu og samþættingu nautgripasæðinga hérlendis. Lagt er til að verkefnið verði styrkt um allt að kr. 400.000.

Hermann Ingi Gunnarsson, Þórarinn Leifsson, Elín Heiða Valsdóttir og Sigurbjörg Ottesen tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

6. Lokaskýrslur verkefna

Borist hafa eftirfarandi lokaskýrslur verkefna sem styrkt voru af þróunarfé nautgriparæktarinnar:

Covid-19. Tjónaskráning bænda. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, verkefnisstjóri Þorberg Þ. Þorbergsson.

Úr niðurstöðukafla skýrslunnar

„Skráningaform var útbúið í Bændatorgi sem gerir bændum kleift að halda utan um afurðatjón og tjón vegna fjarvista starfsfólks vegna Covid-19. Jafnframt er hægt að nota formið til að halda utan um tjón af völdum veðurs og náttúrufars, s.s. kals, tjóns á girðingum o.fl. þ.h. Mögulegt er að skoða upplýsingar um tjón hvers og eins bónda vegna Covid-19, stéttarinnar í heild og í þjóðhagslegu samhengi. Ávinningur verkefnisins eru upplýsingar sem safnað er saman með samræmdu sniði og auknir möguleikar á að sækja stuðning vegna þess á síðari stigum. Þannig liggja fyrir tjón bænda vegna Covid-19 og heildartjón samfélagsins.“

Sæðingar holdakúa I og II. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, verkefnisstjórar Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir og Sigtryggur Veigar Herbertsson.

Úr niðurstöðukafla skýrslunnar

„Niðurstöður úr samstillingum, sónarskoðun og sæðingum sýndu að flestar kýrnar voru að beiða á 3. og 4. degi eftir seinni sprautu sem er vanalegur sæðingatími. Notkun á egglosandi hormóni virtist ekki hafa áhrif á árangur úr samstillingum. Fanghlutfall úr verkefninu var um 30% sem er sambærilegt við uppgjör sem Búnaðarsamband Eyjafjarðar gerði á samstillingum í mjólkurkúm. Eitt af þremur nautum sem notuð voru af nýju Angusnautunum gaf óeðlilega lágt fanghlutfall og hefur því líklega skekkt niðurstöður verkefnisins. Lágt fanghlutfall hjá þessu nauti hefur verið staðfest með slökum árangri í almennri notkun eftir að verkefninu lauk.“

Notkun á matsskala fyrir geðslag og atferlisp prófi sýndi að slíkur matsskali getur verið mjög gott tæki fyrir bændur til að meta geðslag gripa. Ekki síður mikilvægt er að setja upp aðstöðu til meðhöndlunar sem dregur úr streytu hjá gripum og bætir vinnuaðstöðu þeirra sem þurfa að meðhöndla gripina og minnka líkur á slysum bæði hjá mönnum og skepnum.

Ljóst er að þrátt fyrir að kýrnar beiði og séu tilbúnar fyrir sæðingu eftir samstillinguna er fanghlutfall samt sem áður mjög lágt. Nauðsynlegt er því að skoða betur hvaða þættir hafa áhrif á árangurinn og skoða aðrar aðferðir til samstillingar og verður það gert sumarið 2020.“

Sæðingar holdakúa III. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, verkefnisstjóri Ditte Clausen.

Úr niðurstöðukafla skýrslunnar

„Niðurstöður úr samstillingum og sæðingum af kvígum í Hofstaðaseli voru að 36% (18 af 50 kvígum) voru fengnar við tvísæðingu á 3. og 4. degi eftir seinni sprautu sem er vanalegur sæðingatími. Það er aðeins lakari en í fyrra verkefni ef bornar eru saman niðurstöður eftir að búið var að leiðrétta fyrir því að eitt af nautunum sem var notað þá gaf ónothæft sæði. Við fyrsta uppbeisli voru 21 kvígur sædda og við fangskoðun á þeim voru 3 fengnar. Kvígurnar voru orðnar mjög vanar að fara í gengnum tökubásnum og voru þær rólegar við samstillingu og sæðingu. Flest allar kvígur sýndu greinilegt beiðsli á 3. og 4. degi eftir seinni sprautu og voru margar þeirra sveitar eftir mikla hreyfingu. Samkvæmt frjótækni voru flestar þeirra tilbúnar fyrir sæðingu, vel opnar og það fór slím frá öllum. Það kom blóð frá tveimur kvígum sem er merki um að beiðslið sé búið og 8 kvígur fengu athugasemd um að þær voru kannski sæddar of snemma. Önnur kvígan sem kom blóð frá var fengin við fangskoðun. Svo virðist að ekki sé samhengi milli stærðar kvígna og hvort þær festu fang, en þyngstu og léttustu kvígurnar voru skoðaðar“

fengnar. Atferli og skap kvígna var fljótt að þróast í 1-2 á einkunnaskalanum sem er róleg við meðhöndlum. Það er augljóst að það hefur jákvæð áhrif á skap kvígna að vera í umgengni manna og auðvelt er að venja þær við rag og tókubás.

Niðurstöður úr samstillingum og sæðingum af fullorðum kúm í Árbót var að fanghlutfall var aðeins 20% (3 af 15 kúm) eftir tvísæðingu á 3. og 4. degi eftir að lykkjan var tekin sem er vanalegur sæðingatími. Það var fyrsta skiptið sem dýralæknirinn notaði þessi aðferð en það gekk ágætlega að koma lykkjunum fyrir. Hjá tveimur kúm var lykkjan komin lengra inn og hjá tveimur kúm var hún næstum því komin út þegar hún var tekin eftir 7 daga. Kýrnar voru vel yxna og voru þær að riðla mikið á 2. degi eftir að lykkjan var tekin en annars voru lítið um beiðliseinkenni. Samkvæmt frjótæknum voru kýrnar tilbúnar í sæðingu á 3. og 4. degi. Við fangskoðun 6 vikum seinna voru aðeins 3 fengnar. "

Rekstur kúabúa 2017-2019. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, verkefnisstjóri Kristján Óttar Eymundsson.

Úr umræðu- og ályktanakafla skýrslunnar

„Niðurstöður þessa verkefnis sýna mikinn mun í afkomu og skuldsetningu íslenskra kúabúa. Ef horft er á meðaltal áranna 2017-2019 eru um 27% kúabúanna í verkefninu sem myndu teljast lítið eða mjög lítið skuldsett þar sem hlutfallið á milli skulda og veltu er 1,0 eða lægra. Um 37% búanna eru mikið eða mjög mikið skuldsett með hlutfallið 2,0 eða hærra. 20% búanna eru með skuldahlutfallið 2,5 eða hærra.

Ljóst er að víða eru miklir hagræðingarmöguleikar fyrir hendi heima á búunum. Framlegð búanna er úti um víðan völl sem er í raun ekki óeðlilegt þar sem bændur hafa haft mjög takmarkaða möguleika á að bera sinn rekstur saman við önnur bú síðastliðinn áratug. Út frá samkeppnisjónarmiðum og öðrum rekstrarlegum þáttum eiga bændur að einblína á framlegðarstig afurðatekna. Eftir því sem það er hærra skapast meiri möguleikar til að greiða hærri laun, til fjárfestinga og að standa við sínar fjármagnsskuldbindingar. Niðurstöðurnar benda til að aukin afurðasemi úr um 5.500 ltr/árskú í um 6.000 ltr leiði til bættrar nýtingar á aðföngum til rekstrar og jafnframt hagkvæmari nýtingar á framleiðslugripunum. Til mikils er að vinna því hver króna í lækkuðum breytilegum kostnaði á innlagðan lítra skilar greininni um 150 milljón krónum á ári.

Að svo stöddu reyndist ekki grundvöllur fyrir því að reikna út fóðuröflunarkostnað á kg þurrefnis eða mjólkurfóðureiningu. Gögn úr jarðræktarskýrsluhaldinu reyndust of víða ónákvæm með tilliti til heymagns og eins var misræmi í skráningum á milli ára. Almennt er því full ástæða til að hvetja til átaksverkefnis meðal bænda tengt uppskeruskráningum er varðar rúmþyngd fóðurs eftir geymsluaðferðum og stærðar á rúllum. Réttar uppskeruskráningar er mikilvæg undirstaða fyrir mörgum ákvörðunartökum í búrekstrinum.

Ef fjármagn fæst er framhaldsmarkmið verkefnisins að halda áfram með afkomuvöktun fyrir íslensk kúabú og jafnframt yrði boðið upp á árlegar rekstrargreiningar fyrir bændur. Athyglisvert verður þá að bera árið 2020 við fyrri ár en árið 2020 hækkaði Verðlagsnefnd búvara viðmiðunarverð á mjólk, fyrst þann 1. janúar í 92,74 kr/ltr og svo í 97,84 kr/ltr þann 1. júní. Stýrivextir fóru lækkandi sem gerði óverðtryggð lán sérlega aðlaðandi en á móti var ársverðbólgan 3,6% sem gerði verðtryggðu lánin óhagkvæm með tilliti til hækkunar á skuldahlutfalli. Verð á aðföngum og þá sérstaklega verð tengd kjarnfóðri og búvélakostnaði fóru

hækkandi samhliða óhagstæðu tíðarfari veturinn 2020 víða á landinu. Efnahalli á mjólk og umframframleiðsla leiddi til mjög lágs verðs á mjólk umfram greiðslumark sem, ásamt mjög takmörkuðum möguleikum bænda til greiðslumarksskaupa, hélt áfram að gera bændum erfitt fyrir og þá sérstaklega þeim sem hafa staðið í miklum fjárfestingum undanfarin ár. Það eru því krefjandi tímar framundan sem munu kalla á góða bústjórn nú sem áður."

Upptaka kálfa á ónæmisprótinum úr broddi. Landbúnaðarháskóli Íslands, verkefnisstjóri Charlotta Oddsdóttir.

Úrdráttur

„Niðurstöður mælinga á íslenskum kýrbroddi hafa sýnt að styrkur ónæmisglóbúlíns G (IgG) í broddmjólk sé í lægri kantinum miðað við erlendar rannsóknir og því er mikilvægt að kanna hvort kálfar fái nægilegt magn IgG úr broddinum þar til þeir byrja að framleiða það sjálfir. Mælingar voru gerðar með elísuprófi á blóðsýnum 11 kálfa strax eftir burð, sólarhring seinna og á broddinum sem þeir höfðu drukkið. Mælingar sýndu að meðalstyrkur IgG var 11,54 mg/ml í broddi og 8,02 mg/ml í sermi kálfa sólarhring eftir burð. Niðurstöður sýndu að fylgni var á milli IgG styrks í broddi og IgG styrks í sermi sólarhring síðar fyrir hvern kálf. Áætlað hlutfall IgG sem skilaði sér yfir í blóðrásina af því magni IgG sem þeir drukku var að meðaltali 43%, sem er í hærra lagi miðað við erlendar rannsóknir þó svo meðalstyrkur í sermi væri undir erlendum viðmiðum. Vegna þess að almennt er lítið um sjúkdómsvaldandi bakteríur og veirur í umhverfi íslenskra nautgripa, og IgG er myndað samkvæmt því áreiti sem ónæmiskerfið verður fyrir, er þessi lági styrkur IgG í sermi að öllum líkindum nægilegur miðað við það umhverfi sem þeir eru í. Mælt er með því að bændur noti ljósbrotsmæli til þess að kvarða broddgæði í sinni hjörð og safni frystum broddi í broddbanka. Æskilegt er að gefa kálfum brodd í fleiri skömmtum yfir fyrsta sólarhringinn, og því fyrr sem fyrsti skammtur er gefinn, þeim mun betur skilar IgG sér yfir í blóðrás kálfsins."

7. Önnur mál.

Rætt aðeins um þróun á Huppu og hvort eðlilegra sé að þróun kerfisins sé alfarið fjármögnuð með notendagjöldum en að sótt sé um styrki í þróunarfjármuni. Fundarmenn frekar á því að það væri eðlilegra og ekki væri óeðlilegt þó notendagjöld væru hærri með hliðsjón af því að því tilskildu að Huppa væri þá t.d. beintengd við mjaltakerfi og -þjóna. Þannig myndi kerfið nýtast enn betur í daglegri ákvarðanatöku og rekstri.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Hermann Ingi Gunnarsson
(sign.)

Elín Heiða Valsdóttir
(sign.)

Sigurbjörg Ottesen
(sign.)

Sigtryggur Veigar Herbertsson
(sign.)

Egill Gunnarsson
(sign.)

Björn S. Gunnarsson
(sign.)

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 11. febrúar 2021
2. Erindi um örmerkingar gripa
3. Ályktun frá LK um rafræna skráningu sæðinga
4. Minnisblöð frá SE varðandi kyngreint sæði
5. Umsóknir í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar